



2. desember 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsógn um mál nr. 314, frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br, úttekt faggilts aðila.

Almenn álit

Það er mat HAUST að úttektir faggiltra aðila á starfsemi sem heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með sé viðbót við núverandi eftirlit, auki flækjustigið og hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir eftirlitsþega. Þetta er ekki í samræmi við þá kröfu atvinnulífsins að einfalda skuli eftirlit. Umrædd lagabreyting er því óþörf.

Aths. við einstakar greinar

Óþarft er að breyta grein 23 í hollustuháttalögum nr. 7/1998 m.s.br.

Almenn umfjöllun m.a. um greinargerð með frumvarpinu

Það er mat HAUST að lagaákvæði um að löggiltar skoðunarstofur fari með eftirlit ofan á innra eftirlit rekstraraðila og til viðbótar við reglubundið eftirlit heilbrigðisfulltrúa, sé til þess fallið að auka kostnað og flækja eftirlit frekar en einfalda það, auk þess sem kostnaður eykst.

Í aths. með frumvarpinu er vitnað til ákvæða í reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002. Þar hafa að mati undirritaðrar verði gerð mistök, sem ætti að leiðrétta frekar en að búa svo um lagahnúta að eftirlit fyrir aðra starfsemi feti sömu slóð.



Heilbrigðiseftirlit hefur árum saman beðið eftir leiðbeiningum um hvernig fara skuli í eftirlit með leikvöllum og leikvallatækjum. Þegar loks reglugerðin kom árið 2002 var farið að vinna eftir henni. Umhverfisstofnun hélt mjög góð námskeið sem fulltrúi frá HAUST sótti og lærði að vinna eftir reglugerðinni. Við þá vinnu kemur í ljós að mikill vilji er hjá rekstraraðilum að fara eftir leiðbeiningum. Þannig hefur gott samstarf verið við HAUST þar sem ný leiksvæði og/eða leiktæki hafa verið sett upp á vegum sveitarfélaga og innra eftirlit með leiktækjum er nú í flestum leikskólum og skólum komið á í samstarfi skólastjóra og starfsmanna í áhaldahúsum eða til þess ráðinna smíða/verktaka. Leiksvæði í eigu einkaaðila, t.d. á tjaldsvæðum og við sumarhúðir, eru skemmra á veg komin, en þökast mjög í rétta átt.

Skv. upplýsingum frá Umhverfisstofnun hefur einungis einn aðili sóst eftir faggildinu til að geta framkvæmt aðalskoðun leikvalla og leiktækja. Því lítur enn

sem komið út fyrir að um einokunaraðstöðu verði að ræða. Kostnaður við skoðun á opnum leikvöllum/leiktækjum getur vart verið lægri en 20 þús. per leikvöll. Þegar við bætist kostnaður vegna ferða og upphalds faggilts aðila verður samtals um að ræða talsverðan kostnaðarauka fyrir rekstaraðila leikvalla og leiktækja umfram það sem nú er. Í umsögn með frumvarpinu er eingöngu hugað að kostnaðarauka fyrir ríkissjóð og hann metinn enginn, en ekki er tekið á kostnaðarauka fyrir rekstaraðila vegna aukins eftirlits.

Ljóst er að ekki er pólitískur vilji til að bakka með kröfu um að faggiltur aðili skuli skoða leikvelli og leiksvæði. Hins vegar er enn ekki komin nein reynsla á hvort skoðun faggilts aðila umfram innra eftirlit og eftirlit heilbrigðisfulltrúa skilar árangri í lægri slysatíðni og auknu öryggi barna. Þar til reynslan sýnir að aukinn kostnaður vegna margfaldara eftirlits skili árangri sem réttlætir þann kostnað telur HAUST vart réttlætanlegt að íþyngja fleiri rekstraraðilum eins mikið og gert er með kröfu um aðalskoðun leikvalla og leiktækja. Því er óþarft og jafnvel rangt að hafa orðalag í lagabreytingu með svo almennum hætti, eingöngu vegna þess að "hugsanlegt er að æskilegt verði tæði" að fara sömu leiðir með aðra starfsemi sem fellur undir hollustuháttareglugerð og jafnvel fyrirtæki sem geta valdið mengun.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands
Virðingarfyllst,


Helga Hreinsdóttir
frkvsj. HAUST

HEILBRIGÐISNEFND
AUSTURLANDSSVÆÐIS

Einnig sent í tölvupósti til:
nafndasvid@althingi.is